

Fréttatilkynning frá 365 miðlum:

## **Sævar Freyr Þráinsson ráðinn aðstoðarforstjóri 365 miðla**

### **Hlutfé aukið um nálega einn milljarð króna**

Sævar Freyr Þráinsson hefur verið ráðinn aðstoðarforstjóri 365 miðla ehf. Sævar Freyr mun hefja störf 1. júlí næstkomandi. Stefán H Hilmarsson mun frá sama tíma hverfa til annarra starfa fyrir eigendur félagsins. Sævar Freyr mun vinna að stefnumörkun og framtíðarsýn 365 og jafnframt bera ábyrgð á fjármála-, fjarskipta-, tækni- og sjónvarpsáskriftasviðum 365.

Ari Edwald forstjóri 365 segir að: „Með ráðningu á Sævari Frey sé 365 að fá mann með mikla reynslu af rekstri, þekktur fyrir faglega stjórnun, verið leiðtogi í stóru og öfluggu fyrirtæki og stýrt því með framúrskarandi hætti í gegnum erfitt árferði og í kviku samkeppnisumhverfi. Framundan eru fjölmörg spennandi vaxtartækifæri sem byggja á þeirri hæfni og þekkingu sem býr í Sævari Frey. 365 hefur verið að vaxa á fjarskiptamarkaði og það er stórt skref að fá til liðs við okkur mann sem gjörþekkir markaðinn og veit betur en flestir hvað þarf til að ná árangri í fjarskiptarekstri.“

Sævar Freyr Þráinsson aðstoðarforstjóri 365 segir að mörg spennandi verkefni séu framundan hjá 365. “365 kemur við sögu í lífi flestra landsmanna og er með gríðarsterk vörumerki og er í fremstu röð á Íslandi með stóran hluta sinna fjölmiðla. Markmið okkar er að fjarskipta- og efnisþjónusta 365 hafi sérstöðu sem viðskiptavinir muni njóta. Mitt verkefni verður að ná fram markmiðum um vöxt og aukna arðsemi í rekstri 365 og vinna með öfluggu samstarfsfólki sem ég hlakka til að kynnast og starfa með. Við ætlum að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi og hagkvæma þjónustu og nýta vel þau vaxtartækifæri sem félagið hefur.”

### **Hlutfé aukið**

Fjárfestar hafa samþykkt að auka hlutfé 365 miðla um nálega einn milljarð króna, með kaupum á nýjum flokki hlutfjár. Aukningunni verður lokið í júní mánuði og er á vegum núverandi eigenda og nýrra fjárfesta. Aukningunni verður að hálfu varið til niðurgreiðslu á vaxtaberandi skuldum félagsins, en að öðru leiti til að styrkja veltufé félagsins og styðja við vöxt þess. Eftir aukninguna verður eiginfjárhlutfall ríflega 40% og vaxtaberandi skuldir nettó um 2,3 milljarðar króna, sem er innan við tvöfaldur árlegur rekstrarhagnaður félagsins (ebitda). Samhliða hafa náðst samningar við viðskiptabanka félagsins um endurfjármögnun á lánum, sem felur í sér lengri niðurgreiðsluferil en verið hefur. Ari Edwald forstjóri 365 segir að: “Þessi hlutfjárukning styrkir félagið mjög mikið. Á undanförunum árum hefur verið fjárfest í því að efla félagið og rekstur þess batnað, en á sama tíma hefur félagið greitt um 4 milljarða króna í vexti og afborganir til lánveitenda félagsins, frá árinu 2010. Með

Þessari aukningu má segja að rekstur og fjárhagur félagsins sé kominn á mjög traustan grundvöll sem styrkir félagið til frekari uppbyggingar.”

Um Sævar:

Sævar Freyr lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1995. Hann er 42 ára gamall, kvæntur Hafdísí Hannesdóttur geislafræðingi og eiga þau 3 börn.

Sævar Freyr hefur starfað hjá Símanum frá 1995. Hann var forstjóri Símans í rúm sex ár þar til í febrúar á þessu ári. Sævar Freyr var þar áður framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og á undan því framkvæmdastjóri farsímasviðs. Fram að því hafði Sævar Freyr stýrt ýmsum deildum Símans og borið m.a. ábyrgð á þróun, sölu, markaðsmálum, vörustjórnun, viðskiptastýringu og gagnalausnum. Sævar Freyr situr í stjórn eða hefur setið í stjórn 12 upplýsingatækni- og fjarskipta fyrirtækja í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Bretlandi og á Íslandi.

Sævar Freyr er skagamaður og situr í stjórn knattspyrnufélags ÍA, hollvinasamtaka Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og er í ferða- og atvinnumálanefnd Akraneskaupstaðar.